

## Aðalfundur LSG 24. maí 2004.

### Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 24.05.2003 – 24.05.2004

Á fyrrgreindu tímabili voru haldinn 1 stjórnarfundir auk 1 fundar í Hornstrandaneftnd.

#### 1. Aðalfundur LSG haldinn 24.05. 2003. (sjá meðf. fundargerð)

Á síðasta aðalfundi LSG sem haldinn var 24. maí 2003 í húsi Nýherja hf., Borgartúni 37 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa :

Erling Ásgeirsson	formaður
Magnús Reynir Guðmundsson	varaformaður
Matthildur Guðmundsdóttir	ritari
Guðríður H Benediktsdóttir	gjaldkeri
Sölvi Rúnar Sólbergsson	meðstjórnandi
Guðmundur Halldórsson	varamaður
Jósef H Vernharðsson	varamaður
Sigríður Gunnarsdóttir	varamaður
Ingibjörg Ásgeirsdóttir	endurskoðandi
Kristján Guðmundsson	endurskoðandi
Jón Borgarsson	varaendurskoðandi
Anna Ásgeirsdóttir	varaendurskoðandi

Að loknum aðalfundarstörfum var boðið upp á léttar veitningar í tilefni af 30 ára afmæli félagsins. Á fundinum voru sýndar litskygnur frá Hornströndum.

#### 2. Vetrarakstur.

Á aðalfundi LSG 2003 var vetrarakstur í friðlandinu til umræðu og í skýrsu stjórnar stóð.

“Á fundi Hornstrandaneftndar 5. júní 2002 var til umræðu fréttatflutningur af vorferð jeppa og vélsleðamanna inn í friðlandið. Samkvæmt reglum friðlandsins er öll umferð vélknúinna farartækja utan merktra slóða bönnuð nema leyfi Náttúruverndar komi til. Nokkrir landeigendur fara á vélsleðum til að líta eftir eigum sínum um vetrarmánuðina og hefur ekki verið amast við því. Fram kom að verulegur munur væri á umferð Jeppa og vélsleða og í rauði væri einungis hægt að komast í 4 eða 5 hús á svæðinu á vélsleðum. Ákveðið var að Náttúruvernd setti upp drög að reglum og sendi LSG og Ísafjarðarbæ til umsagnar.”

Á fundi Hornstrandaneftndar 12.03 2004 upplýsti lögfræðingur Umhverfisstofnunar að ástæða þess að stofnunin hefði enn ekki sent frá sér drög þessi væru að hann hefði efasemdir um réttmæti slíkra reglna.

### 3. Umhverfisstofnun.

Þann 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun til starfa við sameiningu Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Embætti veiðistjóra, dýraverndar- og hreindýraráðs. Forstjóri nýrrar stofnunar er Davíð Egilsson.

Hornstrandaneftir heyrir þá nú undir Umhverfisstofnun.

Eftir fráfall Kristins Jóns Jónssonar hefur Ísafjarðarbær tilnefnt Guðna G. Jónsson sem fulltrúa bæjarins. Aðrir í nefndinni eru Matthildur Guðmundsdóttir úr stjórn LSG, Guðríður Benediktsdóttir úr stjórn LSG, Erling Ásgeirsson úr stjórn LSG, Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður nefndarinnar María Harðardóttir líffræðingur og verkefnisstjóri á friðlýsingarsviði Umhverfisstofnunar.

### 4. Ísafjarðarbær tekur að sér umsjón með friðlandinu á Hornströndum.

Á fundi Hornstrandaneftir 12. mars s.l. var lagður fram undirritaður samningur milli Umhverfisstofnunar og Ísafjarðarbæjar (sjá fylgiskjal) um umsjón með friðlandinu. Við sameiningu Sléttu- og Grunnavíkurhrepps við Ísafjarðarkaupstað 14. des. 1995 hafa öll skipulagsmál í hreppnum heyrt undir Ísafjarðarbæ segja má því að samningur um umsjón með landsvæðinu sé því í eðlilegu framhaldi. Rétt er að áréttu það að LSG hefur jafn mikið að segja um framgang mála í friðlandinu og áður vegna aðildar að Hornstrandaneftir sem er óbreytt.

### 5. Fyrirhuguð endurbygging og stækkan á geymsluskúr við Bólið á Sæbóli Aðalvík.

Formaður Hornstrandaneftir sendi nefndarmönnum eftirfarandi tölvuskeyti 11. maí s.l.. Eftir að hafa ihugað málið þá gáfu nefndarmenn jákvæða umsögn um málið.

“Umhverfisstofnun hefur borist erindi Guðmundar L. Hafsteinssonar, dags. 24. apríl sl., f.h. eigenda Bólhúss á Sæbóli í Aðalvík, þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og jafnframt stækka geymsluskúr við sumarhúsið Ból. Með umsókninni fylgja upprættir og lýsing á byggingunni.

Arið 1991 brann gamla íbúðarhúsið Ból ásamt geymsluskúr sem við það stóð. Bólhus var endurbyggt árið 1992 með samþykki Náttúruverndarráðs, Sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, Skipulagsstjórnar ríkisins og umhverfisráðuneytis. Eigendur hússins telja nú þörf á að endurbyggja geymsluskúrinn, en hann var áður um 10 m<sup>2</sup> en verður 17,5 m<sup>2</sup>. Hann verður byggður á sama stað og fyrri skúr og með sömu afstöðu til Bólhúss eins og áður var. Hann verður byggður úr timbri, veggir klæddir að utan með listaþili og þak bárujárnsklætt og miðast frágangur allur og litaval við frágang Bólhúss, veggir verða svartir, gluggar og hurð hvít og þak rauð. Vegghæð geymsluskúrsins verður sú sama og Bólhúss, 2,52 m, en stafnhæð 3,09 m. Þakhalli verður 20 gráður.

Áformað er að hefja byggingu geymsluskúrsins í lok maí og ljúka henni í júní 2004. Áður en Umhverfisstofnun veitir leyfi til framkvæmda þarf Hornstrandaneftir að veita umsögn um málið. Ég tel málið mjög skýrt og fæ ekki séð að bygging geymsluskúrsins muni skerða náttúruverndargildi svæðisins. Ég óska eftir því að nefndarmenn veiti mér leyfi til að afgreiða málið með jákvæðri umsögn án þess að boða til fundar nefndarinnar. Ef hins vegar einhverjir hafa athugasemdir við málið og/eða óska eftir fundi til að fjalla um það er sjálfsagt að verða við því.”

Umhverfisstofnun gaf jákvæða umsögn eftir að hafa leitað álits hjá Hornstrandaneftir og er málið nú til afgeiðslu hjá Ísafjarðarbæ.

## **6. Óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir smíði bryggju á Hesteyri.**

Formaður Hornstrandaneftndar sendi nefndarmönnum eftirfarandi tölvuskeyti 21.maí s.l. um málið.

“Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar sendi Umhverfisstofnun erindi, dags. 10. maí sl., þar sem óskað er eftir heimild til að veita framkvæmdaleyfi fyrir smíði á trébryggju á Hesteyri. Engar upplýsingar komu fram nema að bryggjan yrði 15 m löng og 1,3 m á breidd og að fyrir framan bryggjuna væri gert ráð fyrir að setja lausa flotbryggju sem yrði tekin upp á haustin. Ekki er gert ráð fyrir að bátar muni liggja við bryggjuna heldur er hún eingöngu ætluð til að losa farþega og farangur í land.

Ég sendi byggingarfulltrúanum tölvuskeyti og óskaði eftir nánari upplýsingum. Þá fékk ég að vita að bryggjan væri nú þegar komin (sjá viðhengi), að vísu bara 10 m löng en til stæði að lengja hana í 15 m. Það eru Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar efl. sem sáu um að byggja bryggjuna og stendur hún fyrir framan Gerðustaði. Þau hafa sótt um styrk til Alþingis til að klára verkið en fá hann ekki greiddan út nema fyrir liggi framkvæmdaleyfi.

Bryggjan var sem sagt sett upp án leyfis og nú stendur til að stækka hana. Er ekki eðlilegt að Umhverfisstofnun veiti fyrir sitt leyti heimild fyrir bryggjusmíðinni þar sem stofnunin telur að hún muni ekki hafa mikil sjónræn áhrif eða skerða verndargildi svæðisins, þó með þeim ábendingum að rétt hefði verið að sækja um leyfi áður en farið var út í framkvæmdir. Hvert er ykkar álit, hvernig teljið þið rétt að afgreiða málið? “

## **7. Rekstur björgunarskýla.**

Björgunarsveitin Ernir í Bolungarvík á að sjá um skýlin á Sæbóli og Látrum. Samkvæmt upplýsingum frá Bergi Bjarna Karissyni formanns sveitarinnar væri áformað að gera við skýlið á Látrum næsta sumar en þar voru sett upp ný fjarskiptatæki s.l. haust. Hann sagði að ekki væri enn ráðið hvað gert yrði á Sæbóli. Fyrirhuguð er ferð björgunarsveitarmanna á Ísafirði og einhverra heimamanna til Hlöðuvíkur um hvítasunnuna til að byggja þar nýtt björgunarskýli. Ísafjarðarsveitin á líka að sjá um skýlið í Fljótavík ekki er vitað hvað verður gert þar á næstunni.

## **8. Endurheimt á rétti sjávarjarða til útræðis.**

Á stjórnarfundi 27. júní 2001 var samþykkt að fela Þorvarði Jónssyni fyrrverandi formanni LSG að gæta hagsmuna félagsins varðandi endurheimt fornra réttinda til útræðis. Þorvarður mun flytja fundinum skýrslu um stöðu mála.

## **10. Reglur um akstur vélknúinna farartækja í friðlandinu á Hornströndum.**

Á síðasta fundi Hornstrandaneftndar gerði lögfræðingur Umhverfisstofnunar grein fyrir þeirri skoðun sinni að núverandi reglur um akstur vélknúina farartækja í friðlandinu á Hornströndum þörfnuðust endurskoðunar og er sú vinna væntanlega hafin hjá stofnuninni.

Jafnframt hefur komið upp sú hugmynd að landvörður annist skoðun á ökutækjum sem notuð eru í friðlandinu. Er það mál í athugun.

## **9. Niðurlag.**

Opinber stjórnsýsla hér á landi er í stöðugri endurskoðun og þróun. Við endurskoðun á lögum og reglum verður að taka tillit til almennari sjónarmiða en áður jafnvel fjölbjóðlegra. Það er því mjög mikilvægt að hagsmunafélög eins og LSG sé vel á verði og vinni mjög náið með þeim stofnunum samfélagsins sem um þessi mál fjalla. Tilgangurinn með stofnun LSG árið 1973 var einmitt að gæta hagsmuna félagsmanna og sjá til þess að þeir gætu haft einhver afnot af eignum sínum. Stjórn LSG er mjög meðvituð um þetta hlutverk sitt og telur sig best gegna því með virku samstarfi við bæjaryfirvöld á Ísafirði og Umhverfisstofnun. Samstarfsvettvangur þessara aðila er í Hornstrandaneftnd eins og áður hefur komið fram. Rétt era ð geta þess að lokum að samstarf þessara aðila er með miklum ágætum og vil ég nota þetta tækifæri til þess að geta þess sérstaklega.

Reykjavík 24. maí 2004,  
Erling Ásgeirsson form. LSG